

**Sp. 275. Breytingartillögur [1. mál]**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1976.

Pús. kr.

- I. Frá *Benedikt Gröndal* og *Jóni Árm. Héðinssyni*.  
Við 4. gr. 1 06 251 Landhelgisgæsla. Nýr liður:  
10 Til sérstakrar fréttá- og upplýsingaþjónustu í sambandi við útfærslu landhelginnar og baráttu við landhelgisbrjóta ..... 15 000
- II. Frá *Jóni Árm. Héðinssyni* og *Sighvati Björgvinssyni*.  
Við 4. gr. 1 06 255 Umferðarráð. Nýr liður:  
Til umferðarfræðslu fyrir aldrað fólk ..... 1 000
- III. Frá *Sighvati Björgvinssyni* og *Benedikt Gröndal*.  
Við 4. gr. 1 07 999 Ýmis framlög.
- |  |     |
|--|-----|
| 1. Við 02 Barnaheimilið Sólheimar í Grímsnesi. Fyrir „65“ kemur ..   | 300 |
| 2. Við 03 Fávitahælið í Skálatúni. Fyrir „65“ kemur .....  | 300 |
| 3. Við 05 Geðverndarfélag Íslands. Fyrir „75“ kemur .....  | 350 |
| 4. Við 06 Tjaldanesheimilið. Fyrir „200“ kemur .....   | 400 |
| 5. Við 11 Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra. Fyrir „50“ kemur ..  | 100 |
| 6. Við 15 Styrktarfélag vangefinna. Fyrir „100“ kemur .....  | 300 |
| 7. Við 16 Styrktarfélag vangefinna, dagheimili. Fyrir „25“ kemur ..  | 100 |
| 8. Við 18 Til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra vegna sérnáms í stjórn og kennslu við leikskóla. Fyrir „50“ kemur ..... | 250 |
| 9. Við 21 Neytendasamtökin. Fyrir „450“ kemur .....  | 750 |
| 10. Við 28 Til umbúðasmíði vegna fatlaðra. Fyrir „80“ kemur ....   | 200 |
| 11. Við 29 Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra. Fyrir „200“ kemur .....   | 500 |
| 12. Við 37 Foreldrafélag fjölfatlaðra barna. Fyrir „300“ kemur ....  | 400 |
- IV. Frá *Benedikt Gröndal* og *Sighvati Björgvinssyni*.  
Við 6. gr. XXXIV. Nýr liðir:
1. Að lækka um allt að 10%, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar, liðina „Önnur rekstrargjöld“ hjá aðilum, sem fjárlög fjalla um.
  2. Að ákveða hærra birtingargjald fyrir auglýsingar í sjónvarpi, ef þær hafa að meginstofni verið framleiddar erlendis.
  3. Að afla lánsfjár til þess að búa a. m. k. alla áætlunarflugvelli á landinu þeim tækjum, sem atvinnuflugmenn telja nauðsynleg fyrir öryggi farþegaflugs.
  4. Að greiða 1% af rekstrarhagnaði Á.T.V.R. í sérstakan sjóð til að vinna gegn áfengisbólinu með nútíma áróðurstækni, undir stjórn þriggja manna, er ríkisstjórnin velur.
  5. Að heimila Ríkisútvarpinu að taka upp í fjáröflunarskyni hljóðvarps- eða sjónvarpsþingó samkvæmt reglugerð, er menntamálaráðuneytið setur.
  6. Að sameina heimildir, fjárveitingar og styrki ríkisstofnana til kvikmyndagerðar undir eina stjórn til að tryggja sem hagkvæmasta notkun fjármuna, og vinni slík stjórn að tillögugerð um íslenska kvikmyndastofnun.